

Eru gildi skemmtileg?

Stjórnendur fyrirtækja fara ólíkar leiðir við að skilgreina og innleiða fyrirtækjagildi í starfsemina. Algengt er að starfsmenn séu hafðir með í ráðum þegar gildin eru skilgreind eða fiskuð upp úr grasrótinni í þeim tilgangi að finna raunsanna lýsingu á kjarna fyrirtækisins. Hin leiðin hefur líka sína kosti, að stjórnendur fyrirtækja skilgreini gildin og innleiði með markvissum hætti. Sú aðferð gerir meiri kröfur til stjórnenda, en skapar betri tækifæri til að nýta gildin markvisst sem stjórnæki í mannauðsmálum. Með kerfisbundinni og skemmtilegri notkun á skýrum og afdráttarlausum gildum má þróa fyrirtækjameninguna á ákveðinn hátt og skapa tiltekna stemningu í fyrirtækinu.



María Rún Hafliðadóttir

Vodafone á Íslandi er hluti af stærsta fjarskiptafyrirtæki í heimi. Öll fyrirtæki innan samsteypunnar vinna eftir sömu gildunum - Speed, Simplicity & Trust (hraði, einfaldleiki og traust). Þau eru því ekki tekin upp úr rekstrinum, heldur er unnið eftir aðferðafræðinni um að gildin séu notuð sem stjórnæki. Í okkar tilviki skipta þau gríðarlegu máli fyrir starfsemina og sjálfsmynd okkar.



Þau eru leiðarljós í öllu okkar starfi og stjórnendur eiga að ganga á undan með góðu fordæmi, meðvitaðir um mikilvægi gildanna. Raunar lítum við svo á, að innleiðingu gildanna ljúki aldrei. Þau mega aldrei verða eingöngu orð á blaði, heldur verður að halda þeim markvisst á lofti og með þátttöku allra starfsmanna tengja þau við öll störf í fyrirtækinu. Og starfsfólk Vodafone hefur svo sannarlega lagt sitt af mörkum. Það hefur með ótrúlegu hugmyndaflugi tengt gildin við dagleg störf og ekki síður skemmtanir af ýmsu tagi, bæði á vinnutíma og utan. Það hefur t.d. gefist Vodafone vel að leggja áherslu á skemmtanagildið - þ.e.a.s. að gildi séu skemmtileg. Okkar ráð til þeirra sem vilja festa sín fyrirtækjagildi í sessi er þess vegna einfalt:

Gerið lífið skemmtilegt.